

verklegra fyrirtækja, veitt Benidikt Gröndal skólakennara að beiðni hans 200 kr. styrk til að búa til myndasafn það af íslenskum dýrum, er hann er býrjaður á og sem hann ætlar svo að láta hinn lærða skóla fá, í náttúrusafn skólans, — það læt jeg eigi undan falla að tjá hinum virðulegu stiptsyfirvöldum þjónustusamlega, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og til þess að þjer tilkynnið það Benidikt Gröndal skólakennara, sem á að taka við hjálagðri ávísun. **59**
25. júní.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til búnaðarsfjlags suduramtsins um styrk til jarðabóta í sudurumdæminu.* — Með brjefi þessi veitti landshöfðingi búnaðarsfjlaginu 848 kr. af fje því, er til er tekið í 10. gr. fjárlaganna, C, 5, og skyldi 500 kr. af því varið til að launa Sveini búfröðing Sveinssyni, en 348 kr. til að kaupa vagna og mjólkuráhöld. **96**
26. júní.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í vesturumdæminu um styrk til jarðabóta í vesturumdæminu.* — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtmanns og amtsráðs Ólafi Bjarnarsyni jarðyrkjumanni 100 kr. styrk til þess að ferðast í sumar um Mýra, Hnappadals og Dala sýslur til þess að veita mönnum tilsögn í jarðabótum, með loforði um frekari styrk þegar hann væri búinn að senda skýrslu um aðgjörðir sínar á sumrinu, og skyldi hann jafnframt mega taka kaup hjá þeim, er óskuðu tilsagnar hans, en þó eigi meira en 1 kr. á dag; og í annan stað Jóni bónda Halldórssyni á Laugabóli í Ísafjarðarsýslu 200 kr. styrk til að kaupa jarðyrkjuverkfæri. Var hvorutveggi styrkurinn tekinn af fje því, er veitt er í 10. gr. fjárlaganna, C, 5. **97**
26. júní.

Auglýsing

um yfirsetukvannahjeruð í suduramtinu.

98
3. júlí.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í yfirsetukvennalögum 17. des. 1875, 1. grein, hefir amtsráðið í suduramtinu ákveðið, að þessi yfirsetukvannahjeruð skuli vera í hverri sýslu í amtinu.

I. Í Skuptafellssýslu.

1. Bæjar hreppur (Lón).
2. Bjarnaness prestakall (Nes).
3. Einholts sókn (Mýrar).
4. Borgarhafnar hreppur (Suðursveit).
5. Hofs hreppur (Öræfi).
6. Kleifa hreppur, frá Skeiðarársandi að Stjórn.
7. Kleifa hreppur, frá Stjórn að Holt Sá, og Leiðvalla hreppur fyrir ofan Eldvatn í Meðallandi.
8. Meðalland fyrir utan nefnt Eldvatn, Leiðvöllur og Álptaver.
9. Ása og Búlands sóknir með Skál, undantekinn Leiðvöllur.
10. Höfðabrekku- og Reynis-sóknir.
11. Dyrhóla- og Sólheima-sóknir.

98
3. júl.

II. Í Vestmanneyjasýslu.
Eitt yfirsetukvennahjerað.

III. Í Rangárvallasýslu.

1. Austur-Eyjafjalla hreppur.
2. Vestur-Eyjafjalla hreppur.
3. Austur-Landeyja hreppur.
4. Vestur-Landeyja hreppur með hinum svo nefndu Bakkabøjum í Rangárvallahreppi.
5. Fljótshlíðar hreppur.
6. Hvol hreppur.
7. Rangárvallahreppur, að frá skildum Bakkabøjum og þeim bøjum, er nú eiga kirkjusókn að Stóra-Klofa.
8. Landmannahreppur með þeim bøjum í Rangárvallahreppi, sem eiga kirkjusókn að Stóra-Klofa.
9. Þykkvibær í Holtamannahreppi.
10. Háfs sókn fyrir norðan Háfs ósa, Odda sókn utan Ytri-Rangár, Ás sókn og Árbæjarsókn og sá hluti Kálfholts sóknar, sem liggur fyrir sunnan Steinslæk.
11. Kálfholts sókn fyrir norðan Steinslæk, Haga sókn og Marteinstungu sókn.

IV. Í Gullbringu- og Kjósar-sýslu.

1. Kjósar hreppur.
2. Kjalarnes hreppur.
3. Mosfellshreppur.
4. Seltjarnarnes hreppur.
5. Garðasókn í Álptaneshreppi.
6. Bessastaðasókn í sama hreppi.
7. Kálfatjarnar sókn í Vatnsleysustrandar hreppi.
8. Njarðvíkursókn í sama hreppi ásamt með Keflavík.
9. Rosmhvalanes hreppur, að undanskildri Keflavík.
10. Hafna hreppur.
11. Grindavíkur hreppur, að undanskildri Krísuvík.

V. Í Borgarfjarðarsýslu.

1. Garða sókn á Akranesi, að undanskildum bøjunum: Galtarvík innri og ytri, Stóru-Fellsöxl, Litlufellsöxl, Fellsaxlarkoti, Klafastöðum og Klafastaðagrund.
2. Leirár- og Mela sóknir, og þeir bæir úr Garðasókn, sem nú voru nefndir.
3. Saurbæjar sókn og Grafardalur í Fitja sókn.
4. Lundar- og Fitja sóknir, nema bæirnir Grafardalur og Svangi.
5. Bæjar- og Hvanneyrar sóknir og bærinn Svangi í Fitja sókn.
6. Reykholts- og Stóra-Áss sóknir.

VI. Í Árnessýslu hafa þessi yfirsetukvennahjeruð verið ákveðin af amlmanninum, í umboði amtsráðsins, eftir tillögum sýslunefndarinnar.

1. Selvogs hreppur, og fylgir því hjeraði einnig Krísuvík í Grindavíkur hreppi í Gullbringusýslu.
2. Ölves hreppur; er ráðgjört, að þessu hjeraði þurfi sem fyrst að skipta í tvö hjeruð.

3. Grafnings hreppur.
4. Þingvalla hreppur.
5. Búrfells- og Klausturhóla sóknir í Grímsnesi með suðurhluta Mosfells sóknar.
6. Miðdalisókn og hinn hluti Mosfells sóknar.
7. Bræðratungu- og Haukadals sóknir í Biskupstungum.
8. Úthlíðar- og Torfastaða sóknir og Skálholts sókn ofan Hvítár.
9. Hrunamanna hreppur; er ráðgjört, að þessu hjeraði þurfi sem fyrst að skipta í tvö hjeruð.
10. Gnúpverja hreppur.
11. Skeiða hreppur og Skálholts sókn sunnan Hvítár.
12. Hraungerðis hreppur.
13. Villingaholts hreppur.
14. Gaulverjabæjar sókn.
15. Stokkseyrar- og Kaldaðarnes sóknir.

Yfirsetukonur þær, sem óska að verða skipaðar í ofangreind yfirsetukvennahjeruð, eiga að senda bónarbrjef sín þar um sem allra fyrst til hlutadeigandi sýslunefndar.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 3. dag júlímán. 1877.

Bergur Thorberg.

Auglýsing

um yfirsetukvennahjeruð í vesturamntinu.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í yfirsetukvennalögum 17. desember 1875, 1. gr., hefir amtsráðið í vesturamntinu ákveðið, að þessi yfirsetukvennahjeruð skuli vera í hverri sýslu í amntinu.

I. Í Mýrasýslu.

1. Hraunhreppur.
2. Álptanes hreppur.
3. Borgarhreppur og bæirnir í Stafholtstungum fyrir ofan Norðurá.
4. Stafholtstungnahreppur að Norðurá eður fyrir sunnan Norðurá, og Hvítársíðuhreppur.
5. Norðurárdalshreppur og Þverárhlíðarhreppur.

II. Í Dalasýslu.

1. Suðurdalaping.
2. Hjarðarholts, Ásgarðs og Hvamms sóknir.
3. Staðarfells sókn og Dagverðarnes sókn.
4. Skarðs sókn, Staðarhóls sókn og Hvals sókn.

III. Í Strandasýslu:

1. Bæjarhreppur og Broddaneshreppur allt að Bitruhálsi.
2. Broddaneshreppur frá Bitruhálsi, Kirkjubólshreppur og Hrófbergshreppur.
3. Kaldrananeshreppur.
4. Árneshreppur.

IV. Í Barðastrandarsýslu.

1. Geiradalshreppur og Reykhólahreppur.